



## **Umræðuskjal nr. 2/2011**

**Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum**

Umræðuskjalið er sent fjármálafyrirtækjum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn vegna umræðuskjalsins eigi síðar en föstudaginn 11. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

**2. mars 2011**

## Inngangur

Eftirfarandi eru drög að reglum um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum.

Á meðal hinna fyrirhuguðu breytinga á reglunum er innleiðing tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 um breytingar á tilteknum viðaukum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustjórnun í íslenskan rétt. Jafnframt er fyrirhugað að breyta tilteknum ákvæðum reglnanna í samræmi við samsvarandi ákvæði í viðaukum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana.

## DRÖG AÐ REGLUM

### um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum

#### 1. gr.

1. málsl. 3. mgr. 7. gr. reglnanna orðast svo:

Sérhver láns hæfiseinkunn á sér samsvörun í þrepi útlánagæða samkvæmt viðauka 1 (vörpun láns hæfismats) við reglur þessar.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

B-liður 3. tölul. 8. gr. orðast svo:

b. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til allt að 1 árs sem ekki er hægt að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast ekki sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og.

A-liður 4. tölul. 8. gr. orðast svo:

a. Ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er eða sem ógildast sjálfkrafa vegna minnkandi lánstrausts lántakanda, og.

#### 3. gr.

O-liður 1. mgr. 10. gr. reglnanna orðast svo:

o. sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

#### 4. gr.

Í stað orðsins „má“ í 2. mgr. 11. gr. reglnanna kemur: skal.

## 5. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo:

Áhættuskuldbindingar íslenskra sveitarfélaga (tegund b.) hafa áhættuvog eins og áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja.

## 6. gr.

B-liður 1. mgr. 14. gr. reglnanna orðast svo:

b. Alþjóðalánastofnunin (*the International Finance Corporation*).

## 7. gr.

Við 3. mgr. 15. gr. reglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja, sem ekki hafa lánshæfismat, skulu þó ekki hafa áhættuvog sem er lægri en áhættuskuldbindingar heimaríkis þeirra hafa.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. reglnanna:

1. mgr. 55. gr. orðast svo:

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 170/2006 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, vísar Fjármálaeftirlitið til enskrar útgáfu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins á eftirfarandi viðaukum tilskipunar 2006/48/EB um stofnun og rekstur lánastofnana:

[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l\\_177/l\\_17720060630en00010200.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en00010200.pdf)

og tilskipunar 2006/49/EB um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun 2009/27/EB:

[http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l\\_177/l\\_17720060630en02010255.pdf](http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en02010255.pdf)

og

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:094:0097:0099:EN:PDF>

B-hluti 1. mgr. 55. gr. orðast svo:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (endursamið) (*e. Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of the Council of 14 June 2006 on the capital adequacy of investment firms and credit institutions (recast), OJ L 177, 30.6.2006, p. 201*) með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB frá 7. apríl 2009 um breytingar á tilteknum viðaukum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustjórnun (*e. Commission Directive 2009/27/EC of 7 April 2009 amending certain Annexes to Directive 2006/49/EC of the European Parliament and of*

*the Council as regards technical provisions concerning risk management, OJ L 94, 8.4.2009, p. 97).*

9. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað. Með breytingu samkvæmt 8. gr. reglnanna er innleidd í íslenskan rétt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/27/EB um breytingar á tilteknum viðaukum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustjórnun.

### Niðurlag

Hér er um að ræða umræðuskjal sem sett er fram til upplýsinga um fyrirhugaða setningu reglna um breytingu á reglum nr. 215/2007, um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum. Umsagnir vegna umræðuskjalsins óskast sendar Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en föstudaginn 11. mars nk.

*Fjármálaeftirlitinu, 2. mars 2011.*